

GJALDSKRÁ

fyrir fráveitur í Kaldrananeshreppi.

1. gr.

Sveitarstjórn Kaldrananeshrepps innheimtir gjald fyrir fráveitu í Kaldrananeshreppi og hreinsun rotþróa í sveitarfélaginu samkvæmt gjaldskrá þessari og samþykkt um fráveitur og rotþrær í Kaldrananeshreppi, sem samþykkt var í sveitarstjórn Kaldrananeshrepps 10. desember 2025.

2. gr.

Stofngjald fyrir tengingu og lagningu frárennislagna við holræsakerfi sveitarfélagsins skal vera:

| | |
|------------------------------------|--|
| Fyrir einbýlishús og parhús/raðhús | 160.200 kr. á hvert hús eða íbúð í parhúsi/raðhúsi |
| Fyrir fjölbýlishús | 92.400 kr. á hverja íbúð |
| Fyrir annað húsnæði | 173 kr. á hvern m ³ í húsnæðinu að 4.000 m ³ 86 kr. á hvern m ³ > 4.000 m ³ |

Ef um tvöfalt frárennislakerfi er að ræða skulu ofangreindar tölur margfaldaðar með tveimur.

3. gr.

Álagningarstofn fráveitugjalds skal vera fasteignamat húsa, mannvirkja, lóða og landa, samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna, nr. 94/1976. Fráveitugjald skal nema 0,22% af álagningarstofni þó aldrei lægra en 22.400 kr. né hærra en 33.700 kr. Sé ekkert mannvirki á lóð greiðist ekki fráveitugjald. Gjald dagar fráveitugjalds skulu vera þeir sömu og sveitarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts.

4. gr.

Rotþróargjald fyrir hverja rotþró skal vera eftirfarandi árlega:

| <i>Stærð í lítrum</i> | <i>Rotþróargjald í kr.</i> |
|-----------------------|----------------------------|
| Rotþró < 4.000 | 22.170 |
| Rotþró 4.001-6.000 | 27.170 |
| Rotþró 6.001-8.000 | 32.100 |
| Rotþró 8.001-10.000 | 43.160 |
| Rotþró > 10.000 | 3.700 pr. umframrúmmetra |

Verð miðast við að hreinsibill þurfi ekki að standa fjær rotþró en 10 metra.

Fyrir hverja 10 metra umfram það skal greiða 3.600 kr.

5. gr.

Gjöld skv. gjaldskrá þessari má taka lögtaki og má gera lögtak í hinni skattskyldu eign án tillits til eigendaskipta. Njóta gjöldin lögveðsréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

6. gr.

Gjaldskrá þessi var samþykkt af sveitarstjórn Kaldrananeshrepps 10. desember 2025 og staðfestist hér með samkvæmt II. kafla laga um uppbyggingu og rekstur fráveitna, nr. 9/2009, og 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, til að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 1809/2024.

Drangnesi, 10. desember 2025.

F.h. Kaldrananeshrepps,
Finnur Ólafsson oddviti.

B deild - Útgáfudagur: 14. apríl 2026